

Aukafundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar þriðjudaginn 28. sept. 2010 í félagsheimilinu Þórsveri. Fundur hófst kl. 17:10

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að fá að setja inn sem lið nr. 4, fundargerð fræðslunefndar dags. 23.09.2010, samþykkt samhljóða, einnig undir lið nr. 7 starfsmannamál, samþykkt samhljóða.

Dagskrá :

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 16.09.2010

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð USB dags. 21.09.2010

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 21.09.2010

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð fræðslunefndar dags. 23.09.2010

- Í lið eitt mælir nefndin með ráðningu Sigurðar Gunnarssonar

Samþykkt samhljóða

- Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni í lið þrjú að það þarf að finna vistunarúrræði fyrir börn yngri en 18 mánaða þar sem leikskólinn getur ekki boðið upp á þá þjónustu.

Samþykkt samhljóða.

- Skv. lið fimm er Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir tekin til starfa í Grunnskólanum á Bakkafirði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ráðningu hennar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla sveitarstjóra.

I. Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

II. Sveitarstjóri var falið af sveitarstórn að mæta á uppboð húseignarinnar við Fjarðarveg 29 (Bakka) þann 22. september sl. og var Langanesbyggð eitt um að bjóða í eignina. Fer uppboðsmálið nú í ferli hjá sýslumanni og mun því ferli ljúka 12. október nk.

Samþykkt samhljóða að sveitarfélagið eignist Fjarðarveg 29

III. Þar sem erindi Nönnu S. Höskuldsdóttur og Evu Guðrúnar Gunnarsdóttur um styrk vegna konukvölds var frestað á fundi dags. 02.09.2010 er það tekið upp nú.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

6. Tölvupóstur vegna kosninga stjórnlagabings þann 27.11.2010

Lagt fram til kynningar.

7. **Starfsmannamál.**

Samþykkt samhljóða að vísa þessum lið á lokaðan trúnaðarfund að loknum þessum fundi.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fundu slitið kl. 18:06